

ALPÝÐUBLAÐIÐ

Fimmtudagur 10. ágúst 1995

Stofnað 1919



TVÖFALDUR 1. VINNINGUR

119. tölublað - 76. árgangur

■ Kvennalistakonur mótmæla gagnrýni og skrifum **Sigríðar Dúnu** harðlega

Sigríði Dúnu var ekki hafnað vegna ástamála

– segir Kristín Halldórsdóttir þingkona. Get ekki tekið undir þá skoðun að meinsemد Kvennalistans liggi í vinnubrögðunum, segir Anna Ólafsdóttir Björnsson.

„Ég held ég vilji sem minnst tjá mig um þessa grein fyrverandi samstarfskonu mínnar, sem kallar sig konu B í greininni. Hún er henni til lítils sóma sem fræðikonu. En þar sem þar er enn einu sinni gefið til kynna að henni hafi verið ýtt til hliðar, að Kvennalistinn hafi hafnað starfskröftum hennar vegna ástamála, þá er kannski tímabært að mótmæla þeiri túlkun kröftuglega,“ sagði Kristín Halldórsdóttir, þingkona Kvennalistans, í samtali við Alþýðublaðið í gærkvöldi.

Einsog Alþýðublaðið greindi ítarlega frá í gær birtist nýverið grein eftir þær Sigríði Dúnu Kristmundsdóttir og Ingu Dóru Björnsdóttur í evrópsku kvennafræðiriti þarsom störf og stefna Kvennalistans – bæði á heildina litið og í sérstaklega þartilteknun málum – eru harðlega gagnrýnd. Í tilefnim af þeim umræðum sem orðið hafa í kjölfar birtingar greinarinnar og umfjöllunar Alþýðublaðsins ræddi blaðið í gær við Kristinu Halldórsdóttur og Önnu Ólafsdóttur



Kristín Halldórsdóttir: Erum úthrópaðar sem skoðanakúgarar og dómadags frekjur af frekjum sem ekki hafa fengið að ráða nógu miklu um gang mála.

fulltrúi okkar í fjölmöldum, hún var fulltrúi okkar í Stjórnarskrárnefnd og



Anna Ólafsdóttir Björnsson: Ég get ekki tekið undir þá skoðun að meinsemd Kvennalistans, að einhverjum finnist hann kúgaður, liggi í vinnubrögðunum.

Sigríði Dúnu hlutust innan Kvennalistans: „Hún var valin úr hópi um

kosningarnar 1991 og sat meira að segja í starfshópi um grundvöll stjórnarmyndunariðræðna eftir þær kosningar. Þetta eru nokkur dæmi og hún hefði getað komið miklu oftar við sögu hefði hún viljað.“

Kristín segir meinta höfnun Kvennalistans á Sigríði Dúnu vera hennar eigin upplifun á þróun mála.

„En við sem þraukum í þessum hræðilega flokki verðum bara að bíta í það súra epli að vera úthrópaðar sem skoðanakúgarar og dómadags frekjur af frekjum sem ekki hafa fengið að ráða nógu miklu um gang mála,“ sagði Kristín Halldórsdóttir að lokum.

Anna Ólafsdóttir Björnsson hafði ekki séð greinina í heild sinni í gær, en svaraði nokkrum fullyrðingum sem blaðið bar undir hana. Aðspurð hvort hún héldi að ein stefna væri allsráðandi í Kvennalistanum, sagði hún: „Það eru margar skoðanir innan Kvennalistans, en ég held að einni hafi ekki verið hærra undir höfði en annari. Maður hefur áður heyt svona skoðanir. Í doktorsritgerð Ingu Dóru telar hún um að innan Kvennalistans



Sigríður Dúna: Fékk gnægð upphefðar innan Kvennalistans, að mati gagnrýnenda hennar og höfnum hennar er eigin upplifun án stoðar í raunveruleikanum.

af tveimur sem er tekið í greininni af konum sem Kvennalistinn hefur refs að fyrir syndir eiginmannanna. „Mér finnst það nú segja margt afstöðu konunnar sem að hafa verið vikið úr þingflokknum að hún starfi enn á vegum Kvennalistans. Í hinu dæminu á væntanlega annar greinarhöfund anna í hlut. Ég fylgdist mjög vel með því máli og finnst þetta ekki rörkrétt niðurstaða af því hvernig samskiptin voru.“ Anna sagði fólk upplifa hlutina ólikt, og hver hafi rétt að lýsa sinni upplifun. Það verði hinsvegar að gera undir réttum formerkjum.

„Ég get ekki tekið undir þá skoðun sem hefur komið fram hjá Sigríði Dúnu að lítlu levti í doktorsritgerð